



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Á nýju ári

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólustjóra
- Öskudagur
- Breytingar á starfsmannahaldi
- Danir í heimsókn
- Skólahreysti
- Handboltasnillingar
- En hann má alltaf vera lengur úti...
- Gangbraut
- Nú er frost á Fróni
- Skipulagsdagur / foreldradagur
- Könnun um líðan

Kæru nemendur / forráðamenn

Þar sem þetta er fyrsta tölublað Flórgoðans á nýju ári er við hæfi að óska öllum gleðilegs árs.

Árið 2008 er spennandi ár í bænum okkar þar sem Hafnarfjörður fagnar 100 ára kaupstaðarafmæli. Verður afmælisins fagnað með ýmsum hætti og tökum við Áslendingar að sjálfsögðu drjúgan þátt í hátíðarhöldum. Meðal annars eru menningarhátíð okkar í mars og vorhátíðin í maí hluti af þeim atriðum sem getið er um í veglegri bók sem bæjarbúar hafa fengið að gjöf.

Þó skammt sé liðið af árinu hafa nemendur okkar farið um víðan völl og náð framúrskarandi árangri, verið sér og sínum til sóma.

Má þar nefna frábæran árangur í Skólahreysti hjá unglingunum og viðlíka árangur í handboltakeppni hjá þeim yngri.

Vetrarhörkur ganga nú yfir okkur Frónbúa og er mikilvægt að háir sem lágir komi vel klæddir í skólann, því kvef og hósti geta svo auðveldlega orðið að alvarlegri veikindum.

Þá er rétt að forráðamenn stilli sig saman varðandi útivistartíma. Við höfum eflaust flest heyrt að þessi og hinn fái alltaf að vera úti lengur og því skynsamlegt að samræma þetta sé þess nokkur kostur.

Ég vil að lokum senda öllum bestu kveðjur með óskum um farsælt og gott samstarf á árinu sem nú er nýhafið.

Virðingarfyllt
Leifur S. Garðarsson
Skólustjóri Áslandsskóla



Hornstoðir Áslandsskóla

Vinna með allar dygðir
Efla hnattrænan skilning
Þjónusta samfélagið
Gera allt framúrskarandi vel

“en hann má alltaf vera lengur úti”

Til áréttingar þykir við hæfi að minnst á að börn 12 ára og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20:00. Unglingar 13 - 16 ára, þau sem eru í unglingsdeildum grunnskóla mega vera úti til kl. 22:00. Foreldrar hafa auðvitað fullan rétt á að stytta þennan útvistartíma og margir hafa gert það.

Foreldrar og aðrir sem tengjast börnum eru hvattir til að virða reglur um útvistartímann.

Börnin þurfa sinn svefn og mæta iðulega snemma í skólann. Hlúa þarf að heimalærdómi og gott er að eiga samverustundir inni á heimilinu á kvöldin.

Hinsvegar hafa íþróttafélög og æskulýðsstarf Hafnarfjarðar undanþágurétt gagnvart þessum reglum en ljóst er að tilefni til undanþágu verða æ fátíðari. Þó eru félagsmiðstöðvar opnar á föstudagskvöldum en þá er engin skóli daginn eftir.

Frábær árangur í Skólahreysti

Nemendur úr unglingsdeild skólans stóðu sig frábærlega í Skólahreysti, en undankeppnin fór fram í Smáranum á dögnum.

Þau Heiðís Anna Lúðvíksdóttir, Róshildur Agla Hilmarsdóttir, Benedikt Arnar Bollason og Marteinn Gauti Andrason kepptu fyrir hönd skólans og höfnuðu í öðru sæti.

Suðurnesjamenn fóru með sigur af hólmi en aðstandendur keppinnar höfðu á orði að það væri grætilegt að aðeins einn skóli kæmist í úrslit úr þessum riðli sem væri áberandi sterkastur.

Okkar fólk var vel hvatt áfram af dyggum stuðningshópi en skólinn stóð fyrir fríum rútuferðum í Kópavoginn eins og síðasta ár.

Til hamingju krakkar—þið voruð flottust.

Flottir handboltastrákar úr 6. bekk

Litla EM, skólamóti HSÍ og Kaupþings, lauk á dögnum. Drengjalið Áslandsskóla, úr 6. bekk, stóð sig frábærlega vel.

Mótið tókst afar vel, yfir 200 börn víðs vegar af höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í því, fyrir utan þau 600 börn sem tóku þátt í undankeppnunum sem fóru fram á haustmánuðunum.

Fyrst fór fram riðlakeppni Litla EM, þar sem keppt var í tveimur 5 liða riðlum hjá hvoru kyni fyrir sig, stúkurnar kepptu í Seljaskóla og drengirnir í Austurbergi. Úr hverjum riðli komust 3 lið áfram til þátttöku í milliriðlum. Daginn eftir voru svo milliriðlar og úrslitaleikir í kjölfarið.

Úrslit skólamóts HSÍ og Kaupþings:

Bronisleikir:

Drengir:

Áslandsskóli – Borgarskóli 10 – 5

Stúlkur:

Varmárskóli – Hvassaleitisskóli – 2 – 3

Úrslitaleikir:

Drengir:

Flataskóli – Lækjarskóli 5 – 10

Stúlkur:

Seljaskóli – Víðistaðaskóli 4 – 3

Alls tóku yfir 80 lið frá yfir 40 skólum (eitt stúkna og eitt drengja lið frá hverjum skóla) þátt í undankeppnunum sem félagin héldu, sem þýðir að yfir 800 börn tóku þátt í mótnu.

Til hamingju með framúrskarandi árangur þíttar.

Frændur vorir Danir í heimsókn

Þessa dagana er hópur danskra nemenda að heimsækja Áslandsskóla.

Þetta eru 22 nemendur og 2 kennarar frá Kibæk á Jótlandi og verður hópurinn á landinu í viku.

Nemendur gista hjá nemendum í Dulheimum 9:-SER og fylgja þeim og þeirra stundaskrá.

Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir kennari hefur haft veg og vanda af undirbúningi og skipulagningu á þessu verkefni og á seinni stigum fékk hún Jónínu Ósk Ingólfsdóttur sér til aðstoðar.

Krakkarnir fóru m.a. á Skólahreysti keppnina saman, í Bláa Lónið, félagsmiðstöðina og margt fleira skemmtilegt.

Hugmyndir eru uppi um að endurgjalda heimsóknina ef vel gengur og fjármagn fæst til ferðarinnar.

Comeniusarverkefni undirbúið

Nú er í undirbúningi umsókn um nýtt Comeniusarverkefni.

Áslandsskóli sækir um hjá Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins sem útvegar fjármagn til samstarfs við erlenda skóla.

Þeir skólar sem við höfum hug á að vinna verkefni með eru Appleton og Longworth á Englandi auk skóla í Ungverjalandi og Sevilla á Spáni.

Jenný Berglind Rúnarsdóttir, enskukennari, hefur umsjón með þessum erlendu samskiptum og undirbýr umsóknarferlið.

Áslandsskóli á í miklum samskiptum við erlenda skóla, t.a.m. í gegnum Travel Buddy verkefnið þar sem nemendur rita dagbók um ferðir brúðu sem þau skiptast á að vera með.

Öskudagur í Áslandsskóla

Vegna eindreginna óska foreldraráða og foreldrafélaga í grunnskólum Hafnarfjarðar verður sveigjanlegt skólastarf í öllum skólunum frá kl 8:10 til 11:10 á **öskudaginn miðvikudaginn 6. febrúar** og nemendum ekki gefið leyfi til að fara í bæinn fyrir þann tíma.

Hér í Áslandsskóla verður dagskrá með ýmsum hætti á sal, í stofum og út um allan skóla.

Þeir sem eru í **mataráskrift** geta að sjálfsgöðu neytt matar síns þó dagskrá ljúki rétt fyrir matartíma.

Heilsdagsskóli er opinn eftir kl 11:10, ganga þarf frá skráningu í síðasta lagi mánudaginn 4. febrúar á skrifstofu skólans.

Mikið húllumhæ verður síðan á Thorsplani eftir hádegisd. Nánar um það á www.hafnarfjordur.is

Nú er frost á Fróni, frýs í æðum....

Á hverjum vetri koma einhverjir dagar þar sem veður er svo slæmt að morgni dags að það leikur vafi á því hvort skólastarf verður með eðlilegum hætti.

Við ítrekum að foreldrar þurfa að meta hvort þeir senda börn í skólann eða ekki.

Skiptiborðið logar þá morgna þannig að það getur verið erfitt að ná sambandi hingað.

Þegar börn eru komin í skólann er gert ráð fyrir því að þau séu þar uns skóla lýkur. Hins vegar er foreldrum heimilt að sækja börn þegar þeir vilja.

Vinsamlega brýnið fyrir börnum að þau hafa ekki leyfi til að hringja sjálf og biðja um að vera sótt án vitundar starfsmanna.

Skipulagsdagur / Foreldradagur

Skipulagsdagur er föstudaginn 22. febrúar. Þann dag mæta nemendur ekki í skólann.

Heilsdagsskólinn er opinn frá kl. 8:00—17:00 þennan dag. Ganga þarf frá pöntun og greiðslu á skrifstofu skólans í síðasta lagi miðvikudaginn 20. febrúar.

Foreldradagur er í Áslandsskóla þriðjudaginn 26. febrúar.

Þann dag mæta nemendur ásamt forráðamönnum til viðtals hjá umsjónarkennara. Aðrir kennarar skólans eru einnig til viðtals þennan dag.

Heilsdagsskólinn er opinn frá kl. 8:00-17:00 þennan dag. Ganga þarf frá pöntun og greiðslu á skrifstofu skólans í síðasta lagi föstudaginn 22. febrúar.

Ekki stöðva á gangbraut

Að gefnu tilefni er rétt að áréttta geysilega þýðingarmikið öryggisatriði.

Forráðamenn eru beðnir um að stöðva ekki bíla sína við stæði skólabilis eða gangbraut. Slíkt er stórhættulegt.

Betra er að leggja einfaldlega í stæði og fylgja nemendum að skólum ef það er nauðsynlegt.

Einnig er einfaldlega hægt að beygja inn á næsta "stæðahluta" á bílastæði svo nemendur geti gengið yfir gangbraut að skólanum.

Þá er einnig rétt að áréttta að ákveðin rými á bílastæðinu eru einungis ætluð skólabil.

Könnun um líðan—síðari hluti

Síðari könnun um líðan verður lögð fyrir í Áslandsskóla síðari hluta febrúarmánaðar.

Könnun um líðan er mikilvæg öllu skólasamfélaginu í skólanum okkar. Með henni fáum við góðar upplýsingar um skólastarfið og líðan nemenda almennt.

Mikilvægt er að forráðamenn, sérstaklega eldri nemenda, brýni fyrir börnum sínum að taka könnun sem þessa alvarlega.

Hún hjálpar okkur starfsfólki að fylgjast með líðan og bregðast við ef eitthvað óásættanlegt er í gangi í skólanum.

Starfsmannamál

Dögg Ívarsdóttir hefur látið af störfum á skrifstofu skólans og mun Kolbrún Davíðsdóttir leysa hana af til vors, í það minnsta. Dögg eru þökkuð framúrskarandi störf í þágu Áslandsskóla og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Áslaug Fjöla verður í veikindaleyfi út skólaárið og mun Margrét Össurardóttir leysa hana af hólmi í eldhúsi starfsmanna. Hreinn Erlendsson hefur látið af föstu starfi sem skólaliði.

Vera Höskuldsdóttir hefur tekið til starfa sem skólaliði frá 11.00 – 17.00 dag hvern.

Þá hefur Freyja Torfadóttir tekið til starfa sem skólaliði í mötuneyti nemenda.

Hulda Gunnarsdóttir og Kristín Högnadóttir létu af störfum sem umsjónarkennarar í sínum heimum þann 1.02.2008.

Eru þeim stölluð þökkuð framúrskarandi störf í þágu skólans og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Birna Sandholt, sem er leiðbeinandi, hefur verið ráðin í stað Huldu í Goðaheima og Kristín Rúnarsdóttir kemur í stað nöfnu sinnar í Hrafnshéima.

Sigurgeir Árni er í barnsburðarleyfi og mun Brynja Bragadóttir hlaupa í hans skarð meðan á því stendur.

Örn Arnarson mun bæta á sig íþróttakennslu Sigurgeirs og sundkennslu Kristínar Högnadóttur.

Þá hafa tveir kennarar verið ráðnir við skólann og er gert ráð fyrir því að þeir komi í stað Auðar Óskarsdóttur og Jónínu Daggar Loftsdóttur er þær halda í barnsburðarleyfi. Það eru Sigrún Hafsteinsdóttir og Karl Pálsson og koma þau bæði úr Hraunvallaskóla. Reyndar þurfti Jónína Dögg að fara fyrir en áætlað var og er því sértæk lausn á kennslu í Grettisheimum til 1.3.2008.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600

Bréfsími: 585 4610

www.aslandsskoli.is

aslandsskoli@aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

Fréttablað
Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri

www.aslandsskoli.is